

SMÁ AUGLÝSINGAR

Húsnæði óskast!

Óska eftir að taka á leigu íbúð á Akureyri 3-4 herbergja.
Uppl. síma 867 0981

Ökukennsla

Kenni á nýjan Mercedes Benz A-class (litla Benzinn).
Útvega öll náms- og prófgögn. Kenni allan daginn, á kvöldin og um helgar.
Anna Kristín Hansdóttir, ökukennari,
Þingvallastræti 18,
heimasími 462-3837,
GSM 893-3440.

Viðtalstímar
bæjarfulltrúa

Mánudaginn 7. febrúar 2000 kl. 20-22 verða bæjarfulltrúarnir Kristján Þór Júlíusson og Guðmundur Ómar Guðmundsson til viðtals á skrifstofu bæjarstjóra að Geislagötu 9, 2. hæð.

Bæjarfulltrúarnir munu svara símaviðtölum eftir því sem aðstæður leyfa.

Síminn er 460 1000.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐNÝ LAXDAL,

Lindarsíðu 2, Akureyri,
áður húsfreyja Syðri-Grund,
Grýtubakkahreppi,

lést á Kristnesspítala 30. janúar. Verður jarðsöngin frá Laufáskirkju, föstudaginn 4. febrúar kl. 14.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hennar er bent líknarstarfsemi.

Sævar Magnússon, Guðný Hallfreðsdóttir,
Helgi Laxdal, Guðrún Jóhannsdóttir,
Kristjana Magnúsdóttir, Friðrik Rúnar Gíslason,
Jóhanna Magnúsdóttir, Tryggvi Jónsson,
barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

BÁRA EYFJÖRD JÓNSDÓTTIR,

Ásgarði,
Grenivík,

verður jarðsöngin frá Grenivíkirkirkju laugardaginn 5. febrúar nk. kl. 14:00

Pórhildur Ingólfssdóttir, Áskell Bjarnason,
Elísa Ingólfssdóttir, Ásgeir Kristinsson
Heimir Ingólfsson, Sigríður Sverrisdóttir,
Jóhann Ingólfsson, Guðný Sverrisdóttir,
Jón Stefán Ingólfsson, Jónlaug Daðadóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.

BÍÓ

Borgarbíó
Sími 462 3500 • Hólebraut 12 • www.nett.is/borgarbio

THE BONE COLLECTOR
Fimmtud. kl. 17, 19, 21 & 23:10

ENGLAR ALHEIMSINS
Fimmtud. kl. 17, 19 & 21

EDDIE & MARTIN
Fimmtud. kl. 23

NÝJA BÍÓ
RÁÐHÚSTORGI
DOLBY DIGITAL THX
SÍMI 461 4666

kl. 18:45, 21 og 23:15

kl. 21 og 23


Sýnd kl. 17 og 19 Síðustu sýn.

Sýnd kl. 17 m/isl.tali

HVAÐ ER Á SEYÐI?

LOK OG UPPHAF

Í dag lýkur Hlynur Hallsson verki sýnu í miðrymi Kjarvalsstaða, sem hann kallar Dagbók. Hlynur hefur ritað dagbók á 24 metra langan vegg síðastliðnar þrjár vikur. Hlynur er fyrstur í röð sex listamanna sem taka þátt í sýningarverkefninu Veg(g)ir, en tilgangurinn með verkefninu er annars vegar að veita listafólki tækifæri til að vinna úr hugmyndum sínum á eða út frá stórum fleti og hins vegar að leyfa gestum safnsins að fylgjast með gerð verksins frá upphafi til enda. Hlynur mun kynna dagbókarverk sitt og hugleiðingar um það í dag kl. 18.00. Við sama tækifæri mun Daði Guðbjörnsson kynna sínar hugmyndir og áætlanir varðandi verkið sem hann hyggst vinna á Veg(g)ir. Hugleiðingar Daða eru eftirfarandi:



Hlynur Hallsson.

„Bæði vegir og veggir hafa komið fyrir á myndum sem ég hef málað síðustu tvo áratugina, og því finnst mér spennandi að fá tækifæri til að vinna að verki í stóru formi sem tengir þessi tvö myndefni saman með jafn markvissum hætt og hér á sér stað.

Listin er að mínu áliti úrvinnsla hugsunarinnar - og því verður það aldrei neitt einfalt sem kemur úr úr þeirri vinnslu sem hin endanlega afurð - listaverkið sjálft.

Listin er manningum einnig afar mikilvægt hjálpartæki við misvel heppnaðar tilraunir hans til að skilja hluti og fyrirbrigði á þeim vettvangi, sem stundum er kallaður „Raunveruleiki“.

Ég hef ákveðið að við vinnslu þessa verkefnis komi fram viss aðferðarfræði sem ég nota almennt við mína listsköpun. Hún felst í því að fyrst eru málaðar ákveðnar hlutar verksins á nokkuð raunsæislegan hátt, líkt og hugmynd sem kemur listinni sjálfri ekkert við; hin viddin í verkinu verður síðan „hin listræna sýn“ sem verður máluð á þann hluta veggjarins sem eftir verður þegar búið er að leiða heildina saman eftir veginum annars vegar og veggnum hins vegar.“

Ferð til Parísar

Alliance Francaise í Reykjavík gengst fyrir ferð til Parísar og Bourgogne frá 4. til 10. maí 2000. Í ferðinni verða helstu minnismarki skoðuð auk þess sem farið verður í heimsóknir til þekktustu vínframleiðendanna, auk fjölda annarra menningarlegra skoðunarferða. Upplýsingar á skrifstofu félagsins og í síma 552-3870.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Land og synir

Hljómsveitin Land & Synir spila á Gauki á Stöng í kvöld fimmtudagskvöldið 3. feb og föstudagskvöldið 4. feb. Laugardagskvöldið 5. feb verða þeir svo í Sjallanum á Akureyri.

Félag Snæfellinga og Hnappdæla

Bingó verður í Breiðfirðingabúð að Faxafeni 14 næstkomandi sunnudag kl. 15.00. Góðir vinningar. Allur ágóðinn rennur til húss félagsins að Eyri.

Í kaffihléi mun Andrés Erlingsson kynna og lesa upp úr bók sinni um Búðir á Snæfellsnesi, sem kemur út á næstunni.

Upplestur í Gerðarsafni

Fimmtudaginn 3. febrúar n.k. kl. 17 verður upplestur á vegum Ritlistarhóps Kópavogs í Gerðarsafni. Þetta er önnur dagskrá Ritlistarhópsins á nýju ári og að þessu sinni mun Erlendur Jónsson, gagnrýnandi og ljóðskáld, lesa úr bók sinni Vatnaspeggil, sem út kom á síðasta ári og annað óbirt efni.

FRÁ DEGI TIL DAGS

FIMMTUDAGUR 3. FEBRÚAR
34. dagur ársins, 332 dagar eftir.
Sólris kl. 10.04, sólarlag kl. 17.20

Pau fæddust 3. febrúar

- 1874 fæddist bandaríski rithöfundurinn og sérvitringurinn Gertrude Stein.
- 1889 fæddist danski kvikmyndaleikstjórinn Carl Theodor Dreyer.
- 1898 fæddist finnski arkitektinn Alvar Aalto, sem m.a. teiknaði Norræna húsið í Reykjavík.
- 1907 fæddist bandaríski rithöfundurinn James A. Michener.
- 1909 fæddist franskur rithöfundurinn og andspyrnukonan Simone Weil.
- 1917 fæddist sænski kvikmyndaleikstjórinn Arne Sucksdorff.
- 1947 fæddist bandaríski rithöfundurinn Paul Auster.
- 1948 fæddist austur-tímorski biskupinn Carlos Filipe Ximenes Belo, sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1996 ásamt José Ramos-Horta.

Þetta gerðist 3. febrúar

- 1783 viðurkenndi Spánn sjálfstæði Bandaríkjanna.
- 1870 fengu þeldökkir kosningarétt í Bandaríkjunum.
- 1930 var Íslandsbanka hinum eldri lokað.
- 1944 brann Hótel Ísland í Reykjavík.
- 1969 var Jasser Arafat valinn leiðtogi Frelshreyfingar Palestínu (PLO).
- 1981 var bærinn Litla-Brekka við Suðurgötu í Reykjavík rifinn, en þetta var síðasti torfbærinn í Reykjavík.
- 1989 var Alfredo Stroessner, sem þá hafði verið forseti Paragvæ í þrjú áratugi, varpað af stóli í stjórnarbyltingu hersins.

Vísu dagsins

Eitthvað hef ég af því frétt,
einnig lýðir heyr,
að þeir þína Pinochet
þínulítið meira.

Audunn Bragi Sveinsson



Afmælisbarn dagsins

Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi og dósent fæddist 3. febrúar 1944 í Hrísey. Hún er af ætt Hákarla-Jörundar. Hún bjó í Hrísey fyrstu ár ævinnar en þegar faðir hennar lést fluttist fjölskyldan til Reykjavíkur. Að loknu stúdentsprófi fór hún til Háskólanáms í Svíþjóð tók og kandiðatspróf í félagsvísundum frá háskólanum í Stokkholmi og meistaraþróf í félagsvísundum frá Michiganháskóla í Bandaríkjunum. Hún hefur starfað sem félagsráðgjafi með námi, rannsóknar og fræðistörfum. Árið 1993 lauk hún doktorsnámi við Háskólann í Gautaborg.

Þakklæti er ekki annað en dulinn von um fleiri greiða.

Francois de la Rochefoucauld

Heilabrot

Því meira, sem úr mér er tekið, því stærri verð ég, og því minni, sem meira er í mig látið. Hver er ég?

Lausn á síðustu heilabrotum: Bókstafurinn S á heima með F, L, N og R, því allir þessir stafir byrja á e: Ess, Eff, Ell, Enn og Err. En Té á heima með Bé, Dé, Gé og Pé.

Veffang dagsins

Múrinn nefnist vefrit um þjóðmál, pólitík og menningu sem gefið er út af Málfrunda-félaga úngra róttæklínga, sem er skammstafað M.Ú.R. Slóðin er www.murinn.is